

Alþingi
Erindi nr. P 127/2323
komudagur 16.8.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
Netfang:

02. ágúst 2002 hjukrun@hjukrun.is
5A3a

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707 mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð. Stjórnin biðst velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á því að veita umsögnina.

Stjórnin telur mjög jákvætt að frumvarp um lýðheilsu hafi verið lagt fram. Frumvarpið er til þess fallið að vekja áhuga og almenna umræðu um lýðheilsu líkt og komið hefur í ljós nú í sumar. Hinsvegar telur stjórnin nokkra annmarka á frumvarpinu enn sem komið er og jafnvel að finna mætti verkefninu stað innan þess kerfis sem nú þegar er til staðar í samfélaginu.

Í heild er frumvarpið of almennt orðað t.d. virðist ekki vera um aukningu á heilsuverndarstarfi að ræða. Þessari stöð er ætlað að vera ráðgefandi um lýðheilsu í samfélaginu en til þessa hefur það verið eitt af megin markmiðum landlæknisembættisins.

Að mati stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gengur frumvarpið ekki nógu langt í að tryggja faglegt sjálfstæði Lýðheilsustöðvarinnar sem hlýtur að vekja upp efasemdir um tilurð stöðvarinnar. Valdsvið Lýðheilsustöðvar er óljóst, þar með talið valdsvið væntanlegs forstjóra hennar. Einnig er óljóst valdsvið Landsnefndar en samkv. 4.gr. frumvarpsins er þetta ráðgefandi nefnd án valds. Hvert á að beina faglegum ákvörðunum? Er stöðinni eingöngu ætlað að vera ráðgefandi á ákveðnum sviðum? Einungis eru tiltalin fjögur sérfræðiráð sem nú þegar eru í samfélaginu, en sleppt veigamiklum þáttum eins og heilsuvernd ákveðinna samfélagshópa, einnig umfjöllun um menningarleg og félagsleg áhrif á heilsu sem mikilvægt er að líta til þegar fjallað er um leiðir til að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðar. Þó er rætt um að stofna megi til nýrra sérfræðiráða eftir málefnum og viðfangsefnum. Þar virðist þó skv. frumvarpinu vera um framtíðarverkefni að ræða en ekki verkefni dagsins í dag eins og eðlilegt mætti telja miðað við núverandi stöðu í samfélaginu.

Hvergi er minnst á tengsl við stofnanir eins og Vinnueftirlit ríkisins en þar fer nú þegar fram mikil starfsemi varðandi heilsuvernd starfsmanna í samfélaginu.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu þá er hér verið að fylgja eftir heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Spyrja má hvort nauðsynlegt sé að stofna sérstaka Lýðheilsustöð fremur en að láta nægja að stofna landsnefnd sem væri um leið sérfræðiráð um lýðheilsu eins og fram kemur í 4. og 5.gr. frumvarpsins og staðsetja slíka landsnefnd annað hvort innan heilbrigðisráðuneytisins sjálfs eða innan landlæknisembættisins.


Stofnun Lýðheilsustöðvar kallar óneitanlega á endurskoðun á starfsemi landlæknisembættisins sem skarast við væntanlega starfsemi Lýðheilsustöðvar eins og fram kemur í athugasemdunum á bls. 6. Þar er einnig gert ráð fyrir tilflutningi á fjármagni frá landlæknisembættinu, slysavarnarráði og fleiri ráðum eins og nefnt er á bls. 6. Nauðsynlegt er að endurskoða þá starfsemi áður en að tilflutningi verður en ekki eftir.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að fresta eigi afgreiðslu frumvarps um Lýðheilsustöð. Næsta vetur verði unnið betur að því að skoða til hlítar hlutverk hinna ýmsu stofnana sem nú þegar starfa innan samfélagsins eins og landlæknisembættisins, Vinnueftirlitsins, starfsemi heilsugæslustöðva svo og allra þeirra ráða sem nefnd eru í frumvarpinu svo eitthvað sé nefnt. Ef af stofnun Lýðheilsustöðvar kemur þarf að vera náðið samstarf og samvinna margra aðila í samfélaginu til að árangur náist um hvaða leiðir eru vænlegar til að bæta og efla almenna lýðheilsu í landinu.

Vert er að minnast á sögu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og hvert hlutverk hennar var, er hér verið að endurtaka söguna með nýju nafni? Mikilvægt er að vanda vel til verka áður en farið er af stað til að Lýðheilsustöð standi undir þeim væntingum sem til hennar verða gerðar.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur miður að umræða hafi hafist nú í sumar varðandi staðsetningu Lýðheilsustöðvar. Umræðan var ótímabær og einungis til þess fallin að drepa málinu á dreif. Tilvist Lýðheilsustöðvar á væntanlega að vera annað og meira heldur en hús með atvinnumöguleikum. Það er alltaf mikilvægt að hafa í huga hvar er líklegast að ná sem mestum árangri og hljómgrunni í því samfélagi sem verið er að starfa í.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga



Herdís Sveinsdóttir, formaður